

*Tilkynning frá Icelandair Group hf. 25. mars 2010:*

## **Endurskipulagning Icelandair Group á lokastigi**

Icelandair Group hf. og stærstu lánveitendur félagsins, Íslandsbanki og Glitnir banki hf., hafa komist að samkomulagi um með hvaða hætti stefnt skuli að því að ljúka fjárhagslegri endurskipulagningu Icelandair Group. Í endurskipulagningunni er meðal annars gert ráð fyrir aðkomu annarra lánveitenda auk leigusala flugvéla sem dótturfélög Icelandair Group nýta í rekstri sínum. Leita þarf eftir samþykki hlutahafafundar samstæðunnar fyrir ákveðnum þáttum endurskipulagningarinnar, auk endanlegs samþykkis lánveitenda. Engar skuldir samstæðunnar verða afskrifaðar.

Daglegur rekstur samstæðunnar hefur gengið vel undanfarin misseri, en há fjármagnsgjöld og miklar skammtímaskuldir hafa haft neikvæð áhrif á stöðu félagsins. Stjórnendur Icelandair Group hafa undanfarna mánuði unnið náið með lánveitendum að fjárhagslegri endurskipulagningu til að treysta grunn félagsins. Icelandair Group hefur auk þess haft sér til ráðgjafar erlendan banka með sérþekkingu á sviði flugrekstrar.

Ef endurskipulagningin gengur eftir er gert ráð fyrir að innlendir lánveitendur breyti skuldum að fjárhæð um 4,8 milljörðum króna í hlutafé. Auk þess verða skuldir að fjárhæð 7,7 milljarðar króna ásamt jafnvirði eigna færðar í sérstakt eignarhaldsfélag sem verður í eigu innendra lánveitenda. Eftir í Icelandair Group verða þær eignir sem stjórn samstæðunnar hefur skilgreint sem kjarnastarfsemi: Icelandair, Flugfélag Íslands, Iceland Travel (Vita), Icelandair Cargo, Icelandair Hotels, Icelandair Ground Services, Loftleiðir-Icelandic og Fjárvakur auk lettneska leiguflugfélagsins SmartLynx, sem stefnt er að fari út úr samstæðunni á árinu.

Að lokum er gert ráð fyrir að fjárfestum og almenningi verði gefinn kostur á að leggja félaginu til nýtt hlutafé í hlutafjárútbodum á árinu sem fara munu fram í tveimur hlutum. Fyrri hluti verður lokað útboð meðal afmarkaðs hóps fagfjárfesta. Í framhaldi af því er stefnt að almennu hlutafjárútbóði en það er vilji Icelandair Group, Íslandsbanka og Glitnis að tryggja aðkomu breiðs hóps fjárfesta, jafnt fagfjárfesta og almennra fjárfesta. Icelandair Group hefur falið fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka að hafa umsjón með hlutafjárútbodunum.

Samkvæmt bráðabirgðarekstrarreikningi nam heildarvelta félagsins á árinu 2009 80,3 milljörðum króna af áframhaldandi starfsemi. Þar af nam velta kjarnastarfsemi 75,2 milljörðum króna. Hagnaður fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir (EBITDA) nam 8,1 milljarði króna og af kjarnastarfsemi 7,3 milljörðum króna. Með fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins verður áætluð velta ársins 2010 78,2 milljarðar króna af kjarnastarfsemi og áætluð EBITDA 7,6 milljarðar króna.

Meðfylgjandi eru drög að efnahagsreikningi Icelandair Group þann 31. desember 2009 (vinstri dálkur) auk áhrifa fyrirhugaðrar fjárhagslegrar endurskipulagningar á efnahagsreikning félagsins (hægri dálkur) án tillits til fyrirhugaðs hlutafjárútbóðs.

<b>Efnahagsreikningur Icelandair Group hf. (mISK)</b>	<b>Fyrir endurskipulagningu</b>	<b>Eftir endurskipulagningu</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	27.014	31.114
Óefnislegar eignir.....	23.598	22.784
Eignarhlutir í félögum.....	545	545
Fyrirframgreiðslur vegna flugvélakaupa.....	1.134	1.134
Langtíma viðskiptakröfur.....	3.449	3.449
Eignir í sölumeðferð.....	17.500	3.684
Aðrar skammtímakröfur.....	13.955	13.825
Handbært fé.....	1.909	1.922
<b>Eignir samtals.....</b>	<b>89.104</b>	<b>78.457</b>
Eigið fé.....	14.605	20.117
Langtímaskuldir.....	21.322	24.066
Skuldir eigna í sölumeðferð.....	10.597	3.176
Skammtímaskuldir.....	42.580	31.098
<b>Eigið fé og skuldir samtals.....</b>	<b>89.104</b>	<b>78.457</b>
Eiginfjárlutfall.....	16,4%	25,6%
Nettó vaxtaberandi skuldir.....	41.227	25.978

*Allar fjárhæðir eru birtar án áhrifa fyrirhugaðra hlutafjárútboða*

### **Björgólfur Jóhannsson, forstjóri:**

„Með fjárhagslegri endurskipulagningu Icelandair Group mun lausa- og eiginfjárstaða styrkjast til muna og gera samstæðunni kleift að takast betur á við árstíðarbundnar sveiflur í rekstri og styðja við innri vöxt. Með því að selja þær eignir sem ekki tilheyra kjarnastarfsemi hefur félagið einfaldað viðskiptalíkan sitt og með endurskipulögðum efnahagsreikningi er félagið í aðstöðu til að skila góðri rekstrarafkomu og standa við skuldbindingar sínar. Icelandair Group er að hverfa frá því að vera fjárfestingarfélag í að vera rekstrarfélag í alhliða ferða- og flugþjónustu.“

Vegna endurskipulagningarinnar hefur Icelandair Group ákveðið að fresta birtingu ársreiknings 2010 þar til í 15. viku og er áætlað að aðalfundur félagsins verði haldinn í maí.

*Frekari upplýsingar veita:*

*Björgólfur Jóhannsson, forstjóri, 896-1455*

*Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála, 665-8801*